

25.04.1994

Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
Frá Dögg Pálsdóttur

Alþingi

Brindi nr. P 117 / 1563

komudagur 25 / 4 1994

Minnisblað

Efni: Breytingar á frumvarpi til laga um váttryggingastarfsemi.

1. Inngangur.

Ábendingar hafa komið fram um að 62. gr. frumvarps til laga um váttryggingastarfsemi sé of fortakslaus um hvaða löggjöf skuli gilda um váttryggingasamning um líftryggingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra ritaði því heilbrigðis- og tryggingamálanefnd Alþingis nýlega bréf með ósk um að 1. málsg. 62. gr. verði opnuð þannig að samningsaðilum er opnuð leið til að semja sig undir aðra löggjöf.

Í framhaldi þessa hefur heilbrigðis- og tryggingamálanefnd óskað eftir því að ráðuneytið skoði hvort opna þurfi 63. gr. frumvarpsins með svipuðum hætti.

Áður en lengra er haldið er rétt að láta koma fram að í reglum EB um þetta efni er meginreglan sú að lög aðildarríkis skuldbindingarinnar skuli gilda um samninga en jafnframt er gert ráð fyrir að lög ríkis megi heimila aðilum að semja um val á löggjöf. Reglur EB láta því í raun löggjöf hvers ríkis eftir að ákveða reglur um val á löggjöf.

2. Breytingar á 62. og 63. gr. laga um váttryggingastarfsemi.

62. gr.:

Varðandi breytingu á 62. gr. til að opna fyrir möguleika á að semja um aðra löggjöf en löggjöf þess ríkis þar sem skuldbindingin komst á sýnist valið vera milli tveggja kosta.

1. Bæta aftan við 1. málsg. 62. gr.:

"nema um annað sé sérstaklega samið, sbr. þó 3. og 4. mgr. 61. gr."

Til viðbótar væri eðlilegt að fella niður það sem eftir stendur af greininni því það sem þar stendur verður í raun óþarft með þessari opnun.

2. Láta 62. gr. standa eins og hún er en bæta við hana nýrri málsg. svohljóðandi:

"Ráðherra er með reglugerð heimilt að veita frekari undanþágur frá meginreglu 1. málsg. um að lög þess ríkis þar sem skuldbindingin komst á gildi um váttryggingasamning um líftryggingu."

63. gr.:

Eðlilegt sýnist að opna 63. gr. enn frekar en þegar er til samræmis við opnunina á 62. gr. Sýnist best að gera það með þeim hætti að bæta nýrri málsgrein aftan við svohljóðandi:

"Ráðherra er með reglugerð heimilt að veita frekari undanþágur frá lagavalsreglum þessarar greinar".

3. Frekari breytingar á frumvarpinu.

Nánari skoðun og skýringar á 56. gr. leiða í ljós að í greininni felst ekki næg neytendavernd við þá opnun sem fyrirhuguð er á lagavalsreglunum sbr. það sem að framan er rakið. Rétt er því að breyta 56. gr. þannig að hún verði svohljóðandi:

"Áður en gengið er frá váttryggingasamningi, og einstaklingur á í hlut, skal váttryggingafélagið eða sá sem gerir samninginn fyrir hönd þess, gefa váttryggingataka ítarlegar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar sem samningsaðilar hafa samið um að gildi um samninginn. Einnig skal upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála vegna váttryggingasamninga við váttryggingafélög, án þess að skerða rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla.

Val á löggjöf um váttryggingasamning ásamt staðfestingu á að váttryggingataki hafi fengið ítarlegar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar skal koma fram eða gefið til kynna í samningnum sjálfum eða í fylgigögnum með honum."

Með þessari breytingu er tryggt að það nægir ekki að segja váttryggingataka hvaða lög gildi um samninginn heldur verður að gefa honum ítarlegar upplýsingar um efni þeirrar löggjafar.